

*Breytt deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 9. október 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Breytingin felst í fjölgun bílastæða við Skíðastaði.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 6. mars 2001.

*Akureyri, 28. janúar 2003.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 5/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2002.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 31. október 2002.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar eigi síðar en 2. apríl 2003. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 21. janúar 2003.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### **um innheimtu jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003.**

#### 1. gr.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 2003. Gjalddagar eru fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu þinggjalda lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðvar álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð jöfnunargjalds vegna alþjónustu að viðbættum öðrum þinggjöldum en kr. 2.000. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

#### 2. gr.

Par til álagning ársins 2003 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan á hverjum gjalddaga skal nema 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu, sbr. 1. gr., er greiða bar á árinu 2002.

## 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2003 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnýslustigi.

## 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema skattstofn hafi lækkað svo mjög milli árána 2001 og 2002 að hann sé meira en 25% lægri en hann var á tekjuárinu 2001. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

## 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er. Ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

## 6. gr.

Um greiðslur jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 23. janúar 2003.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Álftártungu, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 24. janúar 2003.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**